

IcelandSIF
Ársreikningur
2020

Iceland SIF
Smáratorgi 3
201 Kópavogi
kt. 461217-1330

IcelandSIF

Ársreikningur

2020

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda -Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9
Sundurliðanir	10

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar IcelandSIF

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2020 fyrir IcelandSIF byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogi, 14. apríl 2021

Deloitte ehf.



Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Endurskoðandi samtakanna er Páll Grétar Steingrímsson hjá Deloitte en reikningurinn er ekki endurskoðaður eða kannaður. KPMG sér um bókhald samtakanna.

IcelandSIF eru félagasamtök þar sem tilgangurinn er að efla þekkingu fjárfesta á og auka umræðu um aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga.

Samtökunum er ætlað að vera óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um efnið.

Stjórn samtakanna skipa Margit Robertet frá Kviku eignastýringu, sem er formaður stjórnar, Kristbjörg M. Kristinsdóttir frá Stefni, sem er varaformaður stjórnar, Kristján Geir Pétursson frá Birtu lífeyrissjóði, sem er ritari stjórnar, Egill Tryggvason frá Verði Tryggingum, Halldór Kristinsson frá Landsbréfum, Helga Indriðadóttir frá Almenna lífeyrissjóðnum og Hildur Eiríksdóttir frá Íslandssjóðum.

Þrír vinnuhópar starfa á vegum stjórnarinnar

Upplýsingagjöf og fræðsla um ábyrgar fjárfestingar, formaður hópsins Eggert Aðalsteinsson frá Kviku eignastýringu. Háskólahópur, formaður hópsins er Egill Tryggvason frá Verði Tryggingum og að auki hefur starfað vinnuhópur um græn skuldabréf en formaður hópsins er Andri Guðmundsson frá Fossum.

Starfsemin á árinu

Hagnaður (tap) félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	2.749.714
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	11.502.127
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	9.010.025

Þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður á árinu 2020 í kjölfar útbreiðslu Covid-19 voru haldnir fjöldi áhugverðra viðburða á vegum IcelandSIF sem voru vel sóttir af félagsmönnum samtakanna. Má þar nefna stóra ráðstefnu um virkt eignarhald sem haldinn var á Grand Hótel í byrjun mars en einnig fjölda rafrænna fjarfunda sem haldnir voru á haustmánuðum m.a. fundur um gildi umhverfisvottana bygginga fyrir fjárfesta og kynningarfundur um flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy Regulation). Gott samstarf samtakanna við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hélt áfram og kynntu þrjár ungar konur niðurstöður MSc ritgerða sinna á morgunfundi í nóvember s.l. Þá tóku samtökin upp það nýnæmi að bjóða félagsmönnum þátttöku í rafrænum viðburðum systur samtaka á hinum norðurlöndunum við góðar undirtektir.

Félagsaðilar

Samtökin voru stofnuð 13. nóvember 2017 með þátttöku 23 stofnaðila. Síðan þá hafa 10 aðilar bæst í hópinn og í árslok 2020 voru 33 aðilar að samtökunum. Hópin skipa lífeyrissjóðir, bankar, tryggingarfélög, rekstarfélög, eignastýringarfyrtæki og aðrir aðilar.

Skýrsla stjórnar

Yfirlýsing stjórnar

Það er álit stjórnar IcelandSIF að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn IcelandSIF staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. apríl 2021

Í stjórn



Margit Robertet
stjórnarformaður



Kristbjörg M. Kristinsdóttir
varaformaður stjórnar



Hildur Elríksdóttir



Egill Tryggvason



Helga Indriðadóttir



Halldór Kristinsson



Kristján Geir Pétursson

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Félagsgjöld		7.494.967	6.689.555
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(4.739.517)	(4.608.272)
Rekstrarhagnaður		<u>2.755.450</u>	<u>2.081.283</u>
Fjármunatekjur		6.330	17.780
Fjármagnsgjöld		(12.066)	(5.733)
		<u>(5.736)</u>	<u>12.047</u>
Hagnaður ársins		<u><u>2.749.714</u></u>	<u><u>2.093.330</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Veltufjármunir			
Kröfur vegna félagsgjalda / stofngjalda	2	150.000	0
Aðrar skammtímakröfur	2	0	3.408
Handbært fé	2	11.352.127	8.178.384
Eignir		<u>11.502.127</u>	<u>8.181.792</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		9.010.025	6.260.311
Eigið fé	3	<u>9.010.025</u>	<u>6.260.311</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	4	329.877	89.289
Aðrar skammtímaskuldir	4	2.162.225	1.832.192
		<u>2.492.102</u>	<u>1.921.481</u>
Skuldir		<u>2.492.102</u>	<u>1.921.481</u>
Eigið fé og skuldir		<u>11.502.127</u>	<u>8.181.792</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		2.755.450	2.081.283
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>2.755.450</u>	<u>2.081.283</u>
Rekstrartengdar eignir, hækkun	2	(146.592)	748.223
Rekstrartengdar skuldir, hækkun	4	<u>570.621</u>	<u>302.635</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		3.179.479	3.132.141
Innborgaðir vextir og arður		6.330	17.780
Greiddir vextir		<u>(12.066)</u>	<u>(5.733)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>3.173.743</u>	<u>3.144.188</u>
Hækkun handbærs fjár		3.173.743	3.144.188
Handbært fé í upphafi árs		<u>8.178.384</u>	<u>5.034.196</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>11.352.127</u></u>	<u><u>8.178.384</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

2. Aðrar peningalegar eignir

Kröfur vegna félagsgjalda / stofngjalda

	31.12.2020	31.12.2019
Kröfur vegna félagsgjalda	150.000	0
	150.000	0

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Fjármagnstekjuskattur	0	3.408
	0	3.408

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2020	31.12.2019
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	11.352.127	8.178.384
	11.352.127	8.178.384

3. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2020	6.260.311
Afkoma ársins	2.749.714
Eigið fé 31.12.2020	9.010.025

Skýringar

4. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptaskuldir	329.877	89.289
	<u>329.877</u>	<u>89.289</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirframinnheimtar tekjur	2.162.225	1.832.192
	<u>2.162.225</u>	<u>1.832.192</u>

5. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 14. apríl 2021.

Sundurliðanir

	2020	2019
Rekstrartekjur		
Félagsgjöld	7.494.967	6.689.555
	<u>7.494.967</u>	<u>6.689.555</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Viðburðir	1.466.002	1.268.680
Verkefnastjórnun	0	639.065
Kaffikostnaður	0	(8.240)
Rekstur tölvukerfis	193.982	480.857
Heimasíða	1.072.732	68.200
Endurskoðun og reikningsskil	824.847	841.216
Aðkeypt þjónusta	706.241	366.172
Annar kostnaður	124.000	0
Þjónustugjöld	3.563	9.619
Markaðskostnaður	334.800	254.200
Ferðakostnaður	0	562.968
Funda- og viðskiptakostnaður	13.350	125.535
	<u>4.739.517</u>	<u>4.608.272</u>